Vinnum fyrir öll tryggingafélögin
Útvegum bifreið meðan á viðgerð stendur

Bílaréttingar & sprautun Sævars

Skútuvogi 12h - 104 Rvík - Sími 568-9620 - Netfang: bilaretting@bilaretting.is - www.bilaretting.is

BÍLARÉTTING & SPRAUTUN SÆVARS

24. FEBRÚAR 2016 1. tölublað – 3. árgangur

SLEGGJAN

FRÉTTABLAÐ UM IÐNAÐ

Verk og vit 2016

Verk og vit er kjörinn vettvangur til að kynna nýjungar, starfsemi fyrirtækja og fjölbreyttar vörur og þjónustu en sýningin stendur 3. – 6. mars nk. og er tileinkuð byggingariðnaði, skipulagsmálum og mannvirkjagerð. Markmið hennar er að kynna vörur, þjónustu og tækninýjungar á þessu sviði en ekki síður að koma á viðskiptum fagaðila og auka vitund almennings um byggingarmál, skipulagsmál og mannvirkjagerð.

Sjá bls. 8

Fosshótel Jökulsárlón er byggt úr límtréseiningum

- frábærlega staðsett við rætur hæsta fjalls landsins

Framkvæmdir eru nú fullum gangi við nýtt hótel sem verið að reisa á Hnappavöllum í Öræfum. Hótelið verður rekið á vegum Íslandhótels undir merkjum Fosshótela. Hótelið verður rekið sem fyrsta flokks 4 stjörnu hótel sem opið verður allan ársins hring. Hótelið er byggt upp af fimm sjálfstæðum byggingarkjörnum sem tengdir eru með tengigöngum. Í miðjukjarna hótelsins verður móttaka fyrir gesti, veitingaraðstaða, aðstaða fyrir starfsfólk, tæknirými, vörumóttaka og baðstofa. Hótelið er á þremur hæðum og heildarstærð þess um 5400 m2. Í hótelinu verða 104 herbergi fyrir gesti og 16 herbergi fyrir starfsmenn. Hótelið er frábærlega staðsett við rætur Öræfajökuls, mitt á milli Skaftafells og Jökulsárlóns, tveggja af helstu náttúruperlum Íslands og hótelið verður því kjörið fyrir útivistarfólk og fjallageitur, enda er úr meira en hundrað gönguleiðum að velja þaðan og útsýnið stórfenglegt til allra átta.

Horft yfir byggingasvæðið á Hnappavöllum.

Hótelið er teiknað af Bjarna Snæbjörnssyni arkitekt en aðalverktaki framkvæmdarinnar er verktakafyrirtækið Húsheild en verkefna- og byggingarstjórn er í umsjón ráðgjafafyrirtækisins Beka ehf.

Meginburðarvirki hótelsins er byggt upp úr límtréseiningum sem framleiddar eru af austurríska fyrirtækinu KLH Massivholz. Hótelið er eitt fyrsta hús sinnar tegundar hér á landi sem byggt er upp með þessum hætti. Um er að ræða mjög vistvænan og hagkvæman valkost og framkvæmdatími er mun skemmri en þekkist úr sambærilegum verkefnum. Ólafur Ragnarsson staðarstjóri frá Húsheild er mjög ánægður með reynsluna af einingunum. „Þær eru alveg stórsniðugar. Þær hafa aukið framkvæmdahraðan örugglega um 25 – 30% og auk þess sem þær eru alveg gríðarlega traustar og hafa ekki haggast þrátt fyrir óteljandi óveður sem hafa gengið yfir okkur í vetur. Ég myndi segja að þær henti íslenskum aðstæðum mjög vel.“ Nú starfa um 50 manns við framkvæmdina sem búa allir í vinnubúðum á staðnum. Framkvæmdir við hótelið hófust 15. apríl á síðasta ári og stefnt er að því að hótelið verði tekið í notkun í maímánuði nk.

Límtréseiningarnar gefa hótelinu sérstakan svip.

LANDSNET

Í nútímaþjóðfélagi þurfa allir að hafa aðgang að rafmagni

Toyota dísellyftarar á tilboðsverði!

2,5 tonna lyftigeta, 3,3 metra lyftihæð, lokað ökumannshús með miðstöð, innbyggð vigt og auka vökvaúttak.

Verð frá 3.790.000 kr.(án vsk.)

M.v. gengi EUR 141

Toyota dísellyftararnir eru fáanlegir með skiptingu í gólfi og einnig með hefðbundinni skiptingu.

KRAFTVÉLAR TOYOTA LYFTARAR BT

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

Settu þig í samband við sölumenn Kraftvéla og kynntu þér málið!

Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs 2015 mikilvæg fyrir atvinnulífið

- Sesselja Ómarsdóttir og Egill Skúlason hlutu verðlaunin

Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs voru afhent á sérstöku afmælisþingi Rannís í lok síðasta mánaðar. 75 ár eru síðan Rannsóknaráð Íslands var stofnað með lögum árið 1940. Á þessum tímamótum var farið yfir söguna og hlutverk Rannís í dag, auk þess sem tveir ungir vísindamenn hlutu Hvatningarverðlaunin. Forsætisráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og formaður Vísinda- og tækniráðs, afhenti Hvatningarverðlaunin en þau hlutu dr. Sesselja Ómarsdóttir prófessor við lyfjafræðideild Háskóla Íslands og forstöðumaður gæðarannsókna hjá Alvotech, og dr. Egill Skúlason, eðlisefnafræðingur og dósent við raunvísindadeild Háskóla Íslands.

Verðmæti úr íslenskri náttúru

Sesselja er fædd árið 1975 og lauk prófi í lyfjafræði frá Háskóla Íslands árið 2000 og sýndi strax í grunnnámi að hún var efni í góðan vísindamann. Hún vann meistaraverkefni sitt að hluta við danska Lyfjafræðiháskólann í Kaupmannahöfn og fékk fyrir það hæstu einkunn sem gefin er. Hún varði svo doktorsritgerð sína frá Háskóla Íslands vorið 2006 á sviði lyfja- og efnafræði náttúruefna. Þar hefur hún starfað síðan og axlað sína ábyrgð í rannsóknum, kennslu og stjórnun af einstakri alúð og dugnaði. Doktorsverkefni Sesselju fjallaði um fjölsykrur úr íslenskum fléttum, efnabyggingar og áhrif á ónæmiskerfi mannsins. Í framhaldinu ákvað Sesselja að beina sjónum sínum einnig á haf út og hrinti af stað rannsóknum á efnaauðlindum íslenskra sjávarlífvera í góðu samstarfi við vísindamenn bæði hérlendis og í Bandaríkjunum. Verkefnið er mikilvægt framlag til þeirrar viðleitni okkar Íslendinga að afla nauðsynlegrar þekkingar um auðlindir okkar svo unnt sé að skapa úr þeim verðmæti. Síðasta sumar hóf Sesselja störf sem forstöðumaður gæðarannsóknadeildar hjá alþjóðlega lyfjafyrirtækinu Alvotech sem er að reisa hátæknisetur innan Vísindagarða Háskóla Íslands, en Alvotech og HÍ hyggjast vinna náið saman að því að byggja upp færni og þekkingu á líftækniiðnaði á Íslandi.

Verðlaunahafarnir ásamt forsætisráðherra sem afhenti verðlaunin.

Nýjar aðferðir við framleiðslu vistvæns eldsneytis

Egill er fæddur árið 1979 og lauk meistaraprófi í reikniefnafræði frá Háskóla Íslands árið 2005 og síðan doktorsprófi 2009 í verkfræðilegri eðlisfræði frá Danska tækniháskólanum. Í meistaranáminu lagði hann grunn að rannsóknum sínum, en þær snúast um að beita tölvureikningum til að skilja betur rafefnafræðileg ferli og hvatavirkni. Með rannsóknum sínum hefur Egill meðal annars verið að leita að efnahvötum sem geta gert það mögulegt að að framleiða áburð og vistvænt eldsneyti við herbergishita og –þrýsting til að leysa af hólmi orkufrekar aðferðir sem notaðar hafa verið hingað til. Egill hefur byggt upp öflugan og fjölþjóðlegan rannsóknahóp og verið ötull við að laða til sín nema og vekja áhuga þeirra á rannsóknum. Til viðbótar við öflugt rannsóknastarf og kennslu á sínu fagsviði, hefur Egill tekið að sér mikilvæg stjórnunarstörf við að setja upp nýjar námslínur við HÍ, bæði í efnaverkfræði og verkfræðilegri eðlisfræði, sem án efa eiga eftir að hafa mikla þýðingu fyrir íslenskt atvinnulíf í framtíðinni.

Matias Denis Grbic kokkur ársins 2016

Úrslitakeppnin um titilinn Kokkur ársins 2016 fór fram í Hörpunni 13. febrúar sl. Þeir 5 keppendur sem kepptu til úrslita voru Ari Þór Gunnarsson, Axel Björn Clausen, Matias Denis Grbic, Hafsteinn Ólafsson og Sigurjón Bragi Geirsson. Sigurvegari varð Matias Denis Grbic, starfandi matreiðslumaður á Grillinu á Hótel Sögu og í 2. sæti var Hafsteinn Ólafsson matreiðslumaður á Nasa og í 3. sæti Ari Þór Gunnarsson matreiðslumaður á Fiskifélaginu. Sigurvegarinn keppir fyrir Íslands hönd í keppninni „Nordic Chef Of The Year" sem fram fer 8. mars nk. í Herning Danmörku. Fyrirkomulagið á keppninni Kokkur ársins sem áður hét Matreiðslumaður ársins var að faglærðir matreiðslumenn sendu í keppnina uppskrift ásamt mynd af réttinum. Valnefnd skipuð fimm faglærðum dómurum völdu nafnlaust þær 10 uppskriftir sem þótti lofa góðu þar sem mið er tekið af frumleika, nýtingu á hráefni og útliti réttar.

Keppendur elduðu 3 rétta matseðil sem samanstendur af forrétti, aðalrétti og eftirrétti úr óvissukörfu „mystery basket." Keppendur voru upplýstir degi fyrir keppni hvaða hráefni er í boði. Samhliða úrslitakeppninni á laugardagskvöldið var glæsilegur fjórréttaður Kokkalandsliðskvöldverður og vegleg dagskrá í Flóa í Hörpu.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðarráðherra, og Björn Bragi Bragason, forseti Klúbbs matreiðslumeistara með sigurvegaranum.

Markmið Kokkur ársins keppninar er að ná til almennings á Íslandi og veita innblástur fyrir matarmenningu; vera leiðandi í að efla fagmennsku og áhuga á matargerð og auka áhuga ungs fólks á matargerð og matreiðslufaginu.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands eru veitt þeim námsmönnum sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefnis

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands voru afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum 26. janúar sl. af forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni. Birgitta Steingrímsdóttir og Heiðdís Inga Hilmarsdóttir, nemar frá Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands, hlutu verðlaunin fyrir verkefnið Þekkirðu fuglinn? sem er rannsókn á fuglafræðiþekkingu barna og þróun og gerð spils sem gerir þeim kleift að læra í gegnum leik. Þekkirðu fuglinn? er þriggja mánaða rannsóknarverkefni sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna sumarið 2015. Viðfangsefni verkefnisins eru af tvennum toga; rannsókn á núverandi þekkingu barna á íslenskum fuglum og í framhaldi af því hönnun og gerð spils um fuglana sem kennarar geta nýtt sem námsgagn í náttúrufræði. Spilið hefur verið í prófun í grunnskólum í vetur og fengið góðar undirtektir. Næstu skref eru að hefja framleiðslu og munu umsagnir kennara og nemenda nýtast til betrumbóta svo að spilið verði að enn betra kennslutæki.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands eru veitt árlega þeim námsmönnum sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefnis sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna sumarið áður. Verðlaunin voru fyrst veitt 1996 og eru því nú veitt í tuttugasta og fyrsta sinn. Verðlaunin í ár eru púðar úr vörulínunni Notknot eftir Ragnheiði Ösp Sigurðardóttur vöruhönnuð sem framleiðir undir nafninu Umemi. Allir sem voru tilnefndir og hlutu þá viðurkenningu að verkefnið

Birgitta Steingrímsdóttir og Heiðdís Inga Hilmarsdóttir með viðurkenningarnar.

þeirra var valið sem öndvegisverkefni sjóðsins fengu viðurkenningarskjal undirritað af forseta Íslands. Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins styrktu Nýsköpunarsjóð námsmanna við veitingu Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands í ár.

Íslensku lýsingarverðlaunin 2015 veitt fyrir lýsingu í undirgangi í Kópavogi

Íslensku lýsingarverðlaunin eru veitt árlega af Ljóstæknifélagi Íslands og er þeim ætlað að vekja athygli á þætti góðrar lýsingahönnunar og lýsingalausna í byggðu umhverfi hvort heldur bygginga eða opinna svæða. Verðlaunahafar verða sjálfkrafa fulltrúar Íslands í Norrænu lýsingarverðlaununum, Nordisk Lyspris, sem verða afhent hérlendis í október á þessu ári. Verðlaunin hlaut að þessu sinni Jóhann Ólafsson & Co fyrir lýsingu í undirgangi

Íslensku lýsingarverðlaunin eru veitt árlega af Ljóstæknifélagi Íslands og er þeim ætlað að vekja athygli á þætti góðrar lýsingahönnunar og lýsingalausna í byggðu umhverfi hvort heldur bygginga eða opinna svæða.

Verðlaunalýsingin.

Verðlaunahafar verða sjálfkrafa fulltrúar Íslands í Norrænu lýsingarverðlaununum, Nordisk Lyspris, sem verða afhent hérlendis í október á þessu ári. Verðlaunin hlaut að þessu sinni Jóhann Ólafsson & Co fyrir lýsingu í undirgangi undir brú milli 20 hæða turns á Smáratorgi í Kópavogi og bílastæðis við verslunarmiðstöðina Smáralind. Þau eru afrakstur frábærrar samvinnu starfsmanna Jóhanns Ólafssonar & Co og við góða og samhenta samstarfsaðila. Verðlaunin afhenti Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Við afhendingu lýsingarverðlaunanna velti Halldór S. Steinsen lýsingarhönnuður fyrir sér í erindi sem nefndist „Íslenska ljósið" sérkennum íslenska dagsljóssins og greindi frá verkefni sínu „Eitt ár af ljósi. "

BAKO ÍSBERG

Vöruhús veitingamannsins
allt á einum stað

Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | Sími 595 6200 | bakoisberg.is
Opið virka daga kl. 8.30-16.30

MONO white / FOCUS Natural Oak

Leikum saman

- Eldhúsinnréttingar
- Baðinnréttingar
- Þvottahúsinnréttingar
- Fataskápar

HTH er leiðandi framleiðandi eldhússinnréttinga. Samspil fágaðrar hönnunar og einstakra gæða einkenna **HTH** innréttingarnar enda er dönsk hönnun mikils metin og danskt handverk eftirsótt um heim allan.

Hönnuðir okkar vinna með þínar hugmyndir og óskir, teikna tillögur að draumaeldhúsinu og gera þér frábært tilboð.
Þannig leikum við saman.

20% afsláttur af hágæða AEG eldhústækjum með kaupum á HTH innréttingum.

Opið mánudaga - föstudaga kl. 10-18
og á laugardögum kl. 11-15.
Alltaf opið á Ormsson.is

ORMSSON

Lágmúla 8 • Reykjavík • 2. hæð
símar 530 2818 / 530 2819 / 530 2820 / 530 2821

Mikill skortur hefur verið frá því fyrir kreppu í málmiðngreinum“

- segir Kristín D. Þorsteinsdóttir forstöðumaður menntunnar og mannauðs hjá SI

Vinnustaðanám er dýrmætt og mikilvægt að mati Samtaka iðnaðarins sem hafa beitt sér fyrir því að það verði aukið til mikilla muna. Nýlega stóðu samtökin fyrir málstofu tengdri vinnustaðanámi þar sem þemað var „Þú færð pottþétt starf.“

Á menntadegi atvinnulífsins fyrir skömmu var þessum áfanga fagnað en um 160 fyrirtæki eru nú með sáttmála um námið en þar er staðfestur vilji til þess að auka aðgengi nemenda að vinnustaðanámi í fyrirtækjunum til þess að efla og bæta iðn-, verk- og tæknimenntun ungs fólks. Í dag er vaxandi skortur á fagfólki og kvartað er undan því að erfitt sé fyrir þá sem hafa áhuga á iðnnámi að komast á samning.

Katrín D. Þorsteinsdóttir, forstöðumaður menntunar og mannauðs hjá Samtökum iðnaðarins, sagði nýverið að vinnustaðanám væri mjög dýrmætt fyrir samfélagið en einhver brotalöm væri á samstarfi skólanna og fyrirtækja.

Vinnustaðanám væri spennandi og það skapaði að sjálfsögðu afar mikla reynslu fyrir viðkomandi nemenda. Atvinnumöguleikar eru í dag góðir í allflestum löggiltum iðngreinum og jafnframt eru tekjumöguleikar góðir.

Katrín D. Þorsteinsdóttir var spurð hvernig Samtök iðnaðarins fylgdu eftir þessum sáttmálum sem gerð hafa verið við viðkomandi fyrirtæki.

- Hefur verið haft samstarf við iðn-, tækni- og verkmenntaskóla landsins til það fylgja þessu átaki eftir?

„Já, við erum í stöðugu samtali við skólameistara verkmenntaskólanna, unnum t.d. dæmis sameiginlega skýrslu sem skilað var til ráðuneytisins fyrir um ári síðan. Sáttmálin er að sjálfsögðu kynntur fyrir þessum skólum, og samtalið mun vissulega halda áfram.“

- Í hvaða iðngreinum er helst skortur á faglærðum starfsmönnum, og er einhver marktæk skýring til á því?

Kristín D. Þorsteinsdóttir.

Vinnustaðanám er spennandi og það skapar að sjálfsögðu afar mikla reynslu fyrir viðkomandi nemenda. Atvinnumöguleikar eru í dag góðir í allflestum löggiltum iðngreinum.

„Mikill skortur hefur verið frá því fyrir kreppu í málmiðngreinum án þess að nemum hafi fjölgað. Þá er einnig skortur á fagfólki í byggingariðnaði þó það sæti öðrum og sveiflukennandi lögmálum. Svo er staðreyndin sú að meðalaldur fagfólksins fer hækkandi og ljóst er að mikil þörf verðurá nýliðun í mörgum greinum þegar fólk kemst á eftirlaunaaldur og fámennari starfshópar koma inn í þeirra stað, “ segir Kristín D. Þorsteinsdóttir.

Leiðari

Raforkuskortur er dragbítur farsællar iðnaðaruppbyggingar

Fyrir rúmum áratug síðan stóð til að stofna orkusölufyrirtæki á raforkumarkaði með þátttöku RARIK, Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar, en lítið hefur síðan farið fyrir hagkvæmni þess þar sem stór orkusölufyrirtæki standa þar fyrir utan, og má þar t.d. nefna HS-Orku. Í 330 þúsund manna þjóðfélagi má það undrum sæta að raforkumál séu ekki öll undir einum hatti til hagkvæmis fyrir atvinnulífið í landinu og einstaklinga. Það sama má auðvitað einnig segja um lífeyrissjóði landsmanna, sem eru fjölmargir, og stór hluti þeirra ekki þess megnugur vegna smæðarinnar að veita félagsmönnum sínum þá þjónustu sem eðlilegt verður að telja að veitt sé í nútíma þjóðfélagi. Af hverju eru þeir ekki sameinaðir í einn sjóð, Lífeyrissjóð Íslands? Þann 17. febrúar 2005 upplýsti þáverandi iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir í ríkisstjórn Halldórs Ásgrímssonar, að ríkið ráðgerði að sameina RARIK, Orkubú Vestfjarða og Landsvirkjun eftir að að hafa leyst til sín eignarhluta sveitarfélaganna í Landsvirkjun. Í kjölfarið var fyrirtækjunum falið að undirbúa hugsanlega sameiningu í eina fyrirtækjasamstæðu. Stofnun sameiginlegs orkusölufyrirtækis undir forystu RARIK og Orkubús Vestfjarða var þar m.a fyrirhuguð. En líklega hafa allar þessar ráðagerðir myglað ofan í skúffu, enda stutt í efnahagshrunið. Smæð Orkubús Vestfjarða hefur líklega valdið því öðru fremur að iðnaðaruppbygging á svæðinu á undir högg að sækja, önnur raforkufyrirtæki sýna málinu lítinn áhuga, enda utan þeirra „áhrifasvæðis.“ Nú fyrst bólar á hringtengingu raforku á Vestfjörðum, en með því skilyrði að jarðgöng verði boruð milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar og orkan flutt þar í gegn á jarðstreng. Það kann hins vegar að vera æði langt í það í ljósi þess að enn er ekki farið að grafa fyrir jarðgöngum milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Stóriðja er ekki sjáanleg í náinni framtíð á Vestfjörðum en nú þegar vantar raforku til suðurhluta Vestfjarða vegna vaxandi laxeldis þar en ef það gengi eftir mundi önnur iðnaðaruppbygging á svæðinu fylgja í kjölfarið. Þar er ekki bara verið að hugsa um hugbúnaðargeirann heldur ekki síður ýmsa orkufreka fullvinnslu úr sjávarafurðum, m.a. til lyfjagerðar. Möguleikarnir eru margþættir.

Hérlendis búa verkfræðistofur að mikilli reynslu við undirbúning, byggingu og ráðgjöf við rekstur tengdum orkufrekum iðnaði. Þar má nefna mat á umhverfisáhrifum, umhverfisrannsóknir og umhverfisvöktun, hagkvæmniathuganir, áætlanagerð, undirbúningsrannsóknir, hönnun mannvirkja og búnaðar. Þar eru leyst fjölbreytt verkefni í vélahönnun, stýringum, þróun tæknilausna og verkefnastjórnun í iðnaði. Auðvitað á að nýta sér betur þá þekkingu betur, en skilyrðið er auðvitað aukin raforkuframleiðsla. Á Suðurlandi ríkir mikill áhugi á vindorkuverum, enda óvíða betri skilyrði til slíks. Umhverfismengun af vindmyllum er engin, en sumir leggjast gegn þessari þróun vegna sjónmengunar. Vindorkuver geta verið drifkraftur alls kyns iðnaðar til sjávar og sveita, einnig fyrir vestan og norðan, þó ekki sé um beina stóriðju að ræða eins og flestir leggja skilning í. Með aukinni raforku eygst iðnaðaruppbygging um allt land. Raforkuskorturinn í dag er einfaldlega dragbítur þjóðfélagslega hagkvæmrar iðnaðaruppbyggingar.

Geir A. Guðsteinsson
ritstjóri

SLEGGJAN FRÉTTABLAÐ UM IÐNAÐ
1. TBL. 3. ÁRGANGUR 2015

ÚTGEFANDI: Pressan ehf. Kringlunni 4-6, 103 Reykjavík. **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Björn Ingi Hrafnsson, netfang: bjorningi@pressan.is. **AUGLÝSINGASTJÓRI:** Ámundi Ámundason, sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is. **AUGLÝSINGAR:** Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. **RITSTJÓRI:** Geir A. Guðsteinsson, sími: 840-9555 & netfang: geirgudsteinsson@simnet.is. **UMBROT:** Prentsnið. **PRENTUN OG DREIFING:** Landsprent, 30.000 eintök.

BLAÐINU ER DREIFT Í 30.000 EINTÖKUM MEÐ MORGUNBLAÐINU OG LIGGUR FRAMMI ÚTVÖLDUM STÖÐUM

Einn réttur – ekkert svindl

- ASÍ að hefja stórátak gegn félagslegum undirboðum á byggingamarkaði og kennitöluflakki

Finnbjörn A. Hermannsson, formaður Byggiðnar, segir félagsleg undirboð á byggingamarkaðnum allt of algeng og gagnrýnir harðlega að ríki, sveitarfélög og stórfyrirtæki gangi til samninga við þekkta kennitöluflakkara og undirverktaka með allt niður um sig og sýni þannig ábyrgðarleysi og eru í raun þjófsnautar. Hann veltir fyrir sér hvers vegna ekki sé búið að uppræta kennitöluflakkið og hvers vegna ekki sé búið að setja í útboðsskilmála Framvæmdasýslu ríkisins að aðalverktakar taki ábyrgð á undiverktökum sínum.

„Eitt af einkennum íslensks byggingamarkaðar er óstöðugleikinn. Atvinnustigið er ýmist í ökkla eða eyra. Þessum óstöðugleika fylgir ýmist atvinnuleysi fyrir iðnaðarmenn eða skortur á iðnaðarmönnum. Eftir hrunárið 2008 hefur verið mikið atvinnuleysi eins og alþjóð veit og var allt fram undir mitt ár 2014. Eftir það hefur störfum farið fjölgandi og er nú svo komið að við önnum ekki eftirspurn eftir iðnaðarmönnum. Við tilkomu samevrópsks vinnumarkaðar hefur verið auðveldara að fá starfsmenn frá útlöndum. Flest fyrirtæki hafa fengið erlenda starfsmenn í sína þjónustu í beinu ráðningarsambandi og greiða þeim laun samkvæmt íslenskum kjarasamningum, þó til séu undantekningar frá því. Önnur ráðningarform, sem hafa verið að ryðja sér til rúms, eru starfsmannaleigur sem leigja einstaka starfsmenn til fyrirtækja en eru með þá á launaskrá hjá sér og ráðning erlendra fyrirtækja með sinn erlenda mannskap í verkefni á Íslandi,“ segir Finnbjörn.

Smugur í skattakerfinu

Finbjörn segir að veruleg aukning hafi verið undanfarið á að fyrirtæki nýti sér smugu í skattakerfinu með því að „ráða“ fyrirtæki sem skráð eru erlendis sem undirverktaka. Þessi undirverktakafyrirtæki skrái starfsstöð hér á landi eða ekki og nota starfsmenn sem eru innan við 183 daga í vinnu hér á landi. Með þessu geti þau komist hjá að greiða skatta og skyldur til íslensks samfélags. Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar voru yfir 300 starfsmenn skráðir á síðasta ári á þessum kjörum.

„Reynsla okkar er sú að það er aðeins hluti þeirra starfsmanna sem koma til landsins sem eru skráðir inn í landið sem starfsmenn. Allt of margir byrja að vinna og þegar vinnustaðaeftirlit okkar grípur þá, þá eru þeir „nýkomnir“ til landsins og á leiðinni að fara að skrá sig að eigin sögn. Því má ætla að þessir starfsmenn séu mun fleiri en tölur VMST gefa til kynna. Það er aumt til að vita að stórfyrirtæki á Íslandi, fjárfestingafélög og aðrir sem nýta sér þessar glufur í íslensku skattakerfi séu svo andfélagslega sinnuð sem raun ber vitni. Það er ekki mikil samfélagsleg ábyrgð í slíkri hegðun. Með þessum hætti er verið að grafa undan launum okkar félagsmanna. Iðnlöggjöfin og fagréttindi eru fótum troðin af þessum fyrirtækjum og miklar líkur eru á að þessum starfsmönnum séu ekki greidd þau laun sem þeim ber.“

Finnbjörn segir Alþýðusambandið, með stuðningi aðildarfélaga sinna, vera að hefja stórátak gegn slíkri starfsemi undir heitinu „Einn réttur – ekkert svindl.“ Baráttan felst helst í að stórauka eftirlit stéttarfélaga á vinnustöðum, auka fræðslu til erlendra starfsmanna og nánara samstarf við þau yfirvöld sem málið varðar, svo sem skattinn, lögregluna, vinnueftirlitið og vinnumálastofnun.

„Það sem félagsmaðurinn getur helst gert til að sporna við þessum félagslegu undirboðum og í einhverjum tilfellum mansali, er að vera á verði og láta félagið vita ef hann telur að verið sé að greiða erlendum starfsmönnum undir þeim launum sem þeir eiga

Finnbjörn A. Hermannsson.

að fá. Einnig þarf að láta vita ef um óeðlilegan vinnutíma er að ræða hjá erlendum starfsmönnum. Það er með öllu ólíðandi að fyrirtæki komist upp með að undirbjóða markaðinn á þessum forsendum. Það tapa allir á því til lengdar.“

- Er hægt að draga ályktanir um hverjir eru að undirbjóða markaðinn á áðurnefndum forsendum?

„Fyrsta einkenni þess að verið sé að svindla á starfsmönnum eru óeðlilega lág tilboð en það er á forræði verkkaupa hverju sinni hvaða tilboði hann tekur. Síðan er það á forræði aðalverktaka hvaða undirverktaka hann velur til einstakra verka. Því verður því að leggja ábyrgð á þessa aðila. Með því verða fyrirtæki og verkkaupi ábyrgari í vali á undirverktökum. Það er aumt að sjá ríki og sveitarfélög taka tilboðum þekktra kennitöluflakkara í verk sem boðin hafa verið út. Það er líka aumt að sjá stórfyrirtæki ráða undirverktaka sem eru með allt niður um sig. Að þau skuli ekki láta undirverktaka framvísa skráningu starfsmanna til Vinnumálastofnunar og skattsins, að þeir athugi ekki að þeir séu með opið VSK-númer eða að þeir skoði ekki hve margar kennitölur hanga á baki forsvarsmanna þeirra sem þeir eru að ráða í vinnu, sýnir algert ábyrgðarleysi. Því má með sanni segja að þeir séu þjófsnautar þegar launamenn fá of lág laun eða alls engin laun og þegar ekki er staðið skil á launatengdum gjöldum, lífeyrissjóð eða staðgreiðslu skatta, “ segir formaður Byggiðnar.

Stjórn- og gæslubúnaður til notkunar á **sjó og landi**

Bjóðum
mikið úrval af

- Hitaliðum
- Þrýstiliðum
- Hitanemum
- Þrýstinemum
- Segullokum
- Segulloka-spólumum
- Mótorrofum
- Yfirálags-vörnum
- Tímaliðum
- Mjúkræsum
- Og fl.

Í nærri 70 ár hefur Danfoss framleitt breiða línu af stjórn- og gæslubúnaði og byggir því á mikilli reynslu í þróun og framleiðslu á iðnaðarstýringum eins og hita- og þrýstinemum, hita- og þrýsti-stillum, hita- og þrýstiliðum, spólurofum, segul-lokum og fl.

Danfoss hf. • Skútuvogi 6, • 104 Reykjavík. • Sími: 510 4100 • **www.danfoss.is**

ENGINEERING
TOMORROW

Danfoss

Væntanleg Vogabyggð.

Vogabyggð rís með allt að 1.300 íbúðum og 56.000 fermetra atvinnuhúsnæði

Í lok síðasta mánaðar var skrifað undir samninga um umfangsmestu endurbyggingu hverfis í Reykjavík, en það er Vogabyggð sem afmarkast af Sæbraut, Kleppsmýrarvegi og Súðarvogi. Samningarnir ná til hluta Vogabyggðar, svæðis 2, en stærstu lóðarhafar þar eru Gámakó og Vogabyggð dótturfyrirtæki Hamla, sem eru í eigu Landsbankans. Samtals ráða þessi fyrirtæki yfir 70% lóða á svæði 2. Samningarnir marka tímamót að því leyti að lóðarhafar taka þátt í kostnaði við breytingar á innviðum hverfisins og er það í samræmi við samningsmarkmið Reykjavíkurborgar um uppbyggingu í eldri hverfum. Dagur B. Eggertssson, borgarstjóri, segir samningana afar mikilvægt skref í átt að uppbyggingu hverfisins. „Það er mjög metnaðarfullt skipulag sem liggur fyrir og Vogabyggðin sjálf er náttúrlega á besta stað í borginni. Fjórðungur íbúðanna sem þarna rísa verða undir leigu- og búseturéttaríbúðir og höfum við nú samið við lóðarhafa um þátttöku í uppbyggingu innviða. Verkefnið í heild er svo eitt af lykilsvæðum í Aðalskipulagi Reykjavíkur þannig að ég er mjög spenntur fyrir þessu," segir borgarstjóri.

„Það er fagnaðarefni að sjá glæsilega íbúðabyggð rísa á gömlu og lúnu iðnaðarsvæði. Við höfum lengi beðið eftir þessu," segir Gunnar Bragason framkvæmdastjóri Gámakó og Gámaþjónustunnar hf. Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans tekur í sama streng og segir það gríðarlega mikilvægan áfanga og ánægjulegt fyrir Landsbankann að taka þátt í einum umfangsmestu endurbyggingaráformum í Reykjavík í langan tíma. „Við höfum unnið með borginni í þessu verkefni frá ársbyrjun 2013 og það er ánægjulegt að taka þátt í að skapa nýja framtíð hér á svæðinu," segir Steinþór Pálsson bankastjóri.

Allt að fjórðungur íbúða leiguíbúðir

Miðað við þær skipulagsáætlanir sem nú er unnið að er gert ráð fyrir að í hverfinu verði 1.100 – 1.300 íbúðir og atvinnuhúsnæði um 56.000 fermetrar. Gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir 450 íbúðum og því er ljóst er að þessi fjölgun íbúða í hverfinu kallar á byggingu grunn- og leikskóla, en miðað er við að ráðist verði í þær framkvæmdir í samræmi við uppbyggingu íbúðabyggðar. Í samningum er kvöð um að leiguíbúðir, stúdenta- og búseturéttaríbúðir verði 20 – 25% íbúða. Í Vogabyggð eru áformaðar framkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur við gerð gatna, torga, stíga, strandstíga, landfyllinga, grjótvarna og nýrra stofnlagna, útsýnis- og göngupalla í samræmi við hugmynd að nýju deiliskipulagi. Auk þess er gert ráð fyrir göngubrú og stíflu við Háubakkatjörn, brú yfir Naustavog, færslu á Kleppsmýrarvegi og færslu skólpdælustöðvar. Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar við uppbyggingu skóla og allra innviða í hverfinu er um 8 milljarðar króna.

Fangelsið á Hólmsheiði kostar um 2,7 milljarða króna

Mannvit ásamt Arkís og öðrum fagaðilum, vann að hönnun á nýju fangelsi á Hólmsheiði en tillaga Arkís var hlutskörpust úr hópi átján tillagna um hönnun hússins á vegum Framkvæmdasýslu ríkisins. Fangelsið er 3500 m² að stærð, móttöku- og gæsluvarðhaldsfangelsi, og þar verða 56 fangaklefar og sérstök deild fyrir kvenfanga og aðstaða fyrir afplánun skemmri fangelsisrefsinga og vararefsinga. Mannvit sá um verkfræðihönnun og gerð útboðsganga. Hönnun fangelsisins er með þeim hætti að hægt verður að stækka og minnka fangadeildir eftir þörfum sem gera mun nýtingu fangelsisins betri. Öll aðstaða fanga svo sem fyrir vinnu, nám, íþróttaiðkun og síðast en ekki síst aðstaða til heimsókna verður til fyrirmyndar. Áætlaður kostnaður við fangelsið er rúmlega 2 milljarðar króna. Ákveðið hefur verið að fangelsið á Hólmsheiði verði vottað samkvæmt alþjóðlega umhverfisvottunarkerfinu BREEAM. Með þeirri hugmyndafræði er við sköpun á manngerðu umhverfi leitast við að auka lífsgæði, nýta sjálfbærni, staðbundnar auðlindir og byggja á norrænni hönnunarhefð eins og hún gerist best. Fyrsta skóflustunga að nýju fangelsi á Hólmsheiði var tekin 4. apríl 2013.

Bygging fangelsins á Hólmsheiði mjakast áfram, líklega samkvæmt áætlun.

Páll Winkel, fangelsismálastjóri, segir að þetta sé fyrsta byggingin síðan 1874 sem er hönnuð frá grunni sem fangelsi á Íslandi. Þannig séu þetta eru gríðarleg tímamót fyrir fullnustukerfið. Fangar munu alfarið um sig sjálfir, m.a. elda mat og kaupa hráefni í verslun sem verður á staðnum. Fangelsið verður rammgert og er hannað miðað við nýjustu öryggisreglur. Hugsað er fyrir ýmsum smáatriðum, allt frá því að útrýma mögulegum felustöðum fyrir eiturlyf, yfir í hönnun glugganna. Nýja fangelsið leysir af hólmi tvö fangelsi sem komin eru vel til ára sinna - fangelsið í Kópavogi og Hegningarhúsið á Skólavörðustíg.

Smáhúsahverfi fyrirhugað á Hellu

Á fundi skipulags- og byggingarnefndar sveitarfélagsins Rangárþings ytra skömmu fyrir áramót voru kynntar hugmyndir vegna fyrsta smáhúsahverfi landsins. Það er Björn Jóhannsson hefur kynnt þessa hugmynd og hefur hún vakið verðskuldaða athygli í sveitarfélaginu. Mmálið var rætt í sveitarstjórn og þar var bókað:

„Sveitarstjórn telur að hér sé um afar áhugaverða hugmynd að ræða og fagnar áhuga hugmyndasmiða á því að koma upp slíku hverfi í Rangárþingi ytra. Haraldi Birgi Haraldssyni, skipulags- og byggingafulltrúa, ásamt Ágústi Sigurðssyni, sveitarstjóra, er falið að gera tillögu um mögulega staðsetningu fyrir slíkt smáíbúðahverfi og vinna hugmyndina áfram í samstarfi við höfunda."

Í hugmyndauppdráttum fyrir skipulagið er gert ráð fyrir 20 eimbýli, 2 – 4 herbergja á einni hæð með rislofti. Gengið er úrhúsunumút á yfirbyggða verönd. Einnig er gert ráð fyrir fjórbýli og sameignarhúsum. Húsin eru með bröttu þaki og ná veggir upp fyrir gólfplötu efri hæðar til þess að nýting pláss í risi verði betri. Gert er ráð fyrir dökku þakefni en húsin verða klædd með lerki sem fær að grána, tjargaðri furu eða öðru timbri í brúnum viðarlitum. Klæðning verður lóðrétt með yfirlögðum borðum í anda bygginga frá því um 1900. Gluggar verða hvítir en tvöfaldar útidyrnar verða í sterkum rauðum lit. Verandir snúa til suðurs og vesturs til þess að ná miðdegis- og kvöldsól.

Teikning Björns Jóhannssonar af smáhúsahverfinu.

Það verður gaman að fylgjast með næstu skrefum þessa verkefnis, ennþá er ekki búið að finna endanlega staðsetningu og margir þættir óskoðaðir. Verkefnið er enga að síður virkilega spennandi og kæmi til með að leysa húsnæðisvandamál þar sem gert er ráð fyrir að skipulag hverfisins krefjist fastrar búsetu, smáhúsin eru því ekki hugsað til útleigu fyrir ferðamenn.

Allt fyrir kælingu og frystingu

Bitzer kæli- & frystivélar ofl.

Hraðopnandi iðnaðarhurðir fyrir kæli & frystiklefa ofl.

Eimar & eimsvalar

Ísvélar

Tilbúin kæli- & frystikerfi

North Star ísvélar

Mycom kæli- & frystivélar & varahlutir

Kælivélaolíur

Kæli- & frystiklefar, hurðir & öryggisbúnaður

Iðnaðareiningar fyrir stærri kæli- & frystigeymslur

Plaststrimlahurðir

Kælimiðlar R507, R404, R134 ofl.

www.kælitækni.is og/eða www.kaelitaekni.is

Kælitækni Rauðagerði 25 • 108 Reykjavík • Sími 440 1800 • Fax 440 1801 • cooltech@cooltech.is

„Grundvöllur nýju iðnbyltingarinnar er snjöll hugsun, tækniþekking, verkkunnátta og græn gildi“

- sagði Ragnheiður Elín Árnadóttir á Iðnþingi 2015. Næsta Iðnþing fer fram 10. mars nk.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, ráðherra iðnaðar-, viðskipta- og ferðamála.

Síðasta Iðnþing Samtaka iðnaðarins var haldið 5. mars 2015 en þingið þótti vel heppnað en um 330 manns mættu og hlustuðu á fjörlegar umræður um menntun, nýsköpun og framleiðni. Iðnþing 2016 verður haldið fimmtudaginn 10. mars nk. Á Iðnþingi 2015 spurði Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra fundargesti í upphafi máls síns hvort við Íslendingar værum tilbúnir fyrir næstu iðnbyltingu en yfirskrift þingsins var einmitt „Erum við tilbúin fyrir næstu iðnbyltingu? “

„Iðnbyltingin sem hófst á ofanverðri 18. öld markaði djúpstæð spor í efnahag landa. Það er stór munur á iðnbyltingunni á 18. og 19. öld – og þeirri sem bíður handan við hornið – og mörg okkar myndu nú reyndar vilja halda fram að sé nú þegar löngu hafin,“ sagði iðnaðarráðherra.

„Það sem þær eiga hins vegar sameiginlegt er að þær skapa endalaus tækifæri fyrir einstaklinga, fyrirtæki og þjóðina. Og hér stöndum við Íslendingar vel að vígi – því að grundvöllur nýju iðnbyltingarinnar er ekki fólksfjöldi, járn eða kol. Grundvöllurinn er snjöll hugsun, tækniþekking, verkkunnátta og græn gildi. Í öllum þessum þáttum eigum við Íslendingar gullin tækifæri til að standa í fremstu röð. Og ólíkt því sem var fyrir 250 árum þá er Ísland ekki lengur útkjálki við ystu mörk veraldar – þökk sé internetinu og frábærum samgöngum, erum við í hringamiðju viðskipta og framfara – aðeins einum tölvusmelli frá heimsmarkaðinum. Mér hefur verið tíðrætt um „þúsund milljarða áskorunina“ og ræddi hana m.a. hér á þessum sama stað fyrir ári síðan. Samkvæmt skýrslu McKinsey þá verðum við Íslendingar að auka útflutningstekjur þjóðarinnar um þúsund milljarða fram til ársins 2030 ef að við viljum halda í við þau lönd sem að við viljum vera í flokki með hvað varðar lífskjör og hagsæld. Og það er í þessu ljósi sem við eigum auðvitað að fagna möguleikum „nýju iðnbyltingarinnar“ sem byggja ekki á takmörkuðum auðlindum – heldur þeim takmarkalausu möguleikum sem stóriðja hugans býr yfir. Tækifærin eru endalaus. Sóknin liggur í aukinni menntun, í aukinni nýsköpun og í aukinni framlegð. Það er stórkostlegt að fylgjast með ungu vel menntuðu fólki í dag sem sumt hvert ákveður jafnvel meðan það er enn í námi að hefja rekstur – að skapa eitthvað nýtt. Að feta slóðir sem aðrir hafa ekki fetað – að láta drauminn rætast! Og það er ótrúlega gefandi að sjá þetta unga fólk ná árangri.“

Nýsköpun í rótgrónum greinum

Ragnheiður Elín sagði það einnig afar ánægjulegt að fylgjast með þeirri nýsköpun sem ætti sér stað í hinum rótgrónu greinum. Hún nefndi þar uppbyggingu í kringum orkuiðnaðinn – auðlindagarðshugsunina sem sjá má verða að veruleika á Reykjanesi. Ekki mætti gleyma sjávarútveginum þar sem gríðarlegt nýsköpunarstarf fari fram um þessar mundir í samvinnu við iðnaðinn. Þetta samstarf muni skila sér í mikilli verðmætaaukningu á næstu árum.

„Það hefur verið gaman að fylgjast með því starfi sem rótgróin fyrirtæki í áliðnaðinum standa saman að í gegnum klasastarf þar sem markmiðið er að skoða leiðir til frekari framlegðar og verðmætasköpunar. Það er hlutverk stjórnvalda að tryggja að innviðirnir séu traustir og burðarmiklir svo að fólk og fyrirtæki geti nýtt tækifærin til að skapa atvinnu og tekjur – bæði fyrir sjálft sig, nærsamfélög sín og þjóðarbúið í heild. Það sem við verðum að tryggja er að eftir 20-30 ár - þegar sú kynslóð sem nú er að vaxa úr grasi tekur við forystuhlutverkinu – að við getum þá horft til baka og sagt með stolti: Það var þarna sem að við tókum af skarið og vorum í fremstu röð þjóða að hagnýta okkur þau tækifæri sem tryggðu íslensku samfélagi hagsæld og velsæld.

Það má ekki verða dómur sögunnar eftir 30 ár að á árinu 2015 hafi Ísland misst af lestinni - og fyrir vikið dregist aftur úr í samanburði þjóðanna. Þvert á móti: Gerum árið 2105 miklu frekar að árinu sem við tókum framúr öðrum þjóðum.

Og þá er ekki nema eðlilegt að spurt sé – hvað þarf til?

Ég vil nefna hérna fjögur atriði - sem að mínu mati eru hornsteinar þess að við náum markmiðum okkar. Við þurfum að halda áfram að lækka álögur ríkisins, við þurfum að bæta regluverk og einfalda það enn frekar. Við þurfum stöðugleika og fyrirsjáanleika og hvetjandi rekstrarumhverfi. Við þurfum að halda áfram að efla Tækniþróunarsjóð og styðja myndarlega við rannsóknar- og þróunarstarf fyrirtækja. Þá þarf að byggja aftur upp traust á hlutabréfamörkuðum og hafa hvata til að fjárfesta í fyrirtækjum.“

Lykilþáttur að efla menntun

„Í annan stað þurfum við að bæta og efla ýmsa innviði á borð við raforkukerfið, samgöngur, fjarskipti og ekki síst menntun sem er raunar algjör lykilþáttur. Í þriðja lagi þurfum við að efla nýsköpun á öllum sviðum atvinnulífsins. Nýsköpun í rótgrónum fyrirtækjum getur skilað umtalsverðri hagræðingu og virðisauka og skiptir ekki minna máli en nýsköpun í sprotafyrirtækjum. Iðnaður þrífst á öðrum iðnaði og atvinnugreinar þrífast á öðrum atvinnugreinum. Keðjan verður að vera sterk - og við viljum enn fleiri hlekki í hana. Í fjórða lagi þurfum við að vinna í því að tryggja að nægt framtaksfjármagn sé til staðar svo nýsköpun nái að dafna. Það er mikið fagnaðarefni að sjá nýja sjóði spretta fram á undanförnum vikum og misserum sem eru fjármagnaðir úr einkageiranum. Það er vart hægt að fá betri vitnisburð um að hlutirnir séu að þróast í rétta átt þegar þessi er raunin og sýnir að einkaaðilar hafa trú á því sem hér er að gerast og eru tilbúnir að taka áhættu og leggja lið við að byggja upp.

Íslenskt atvinnulíf og samfélag hefur alla burði til þess að standast áskoranir nýrra tíma - og fyrir vikið tryggja að hér höldum við áfram að byggja upp samfélag sem í efnahag og velferð stenst þær væntingar sem þjóðin gerir, “ sagði Ragnheiður Elín Árnadóttir.

Verk og vit í Laugardalshöll:

Markmiðið að kynna vörur, þjónustu og tækninýjungar

virðis. Landsbankinn og Samtök iðnaðarins, samstarfsaðilar sýningarinnar Verk og vit sem fram fer í Laugardalshöll 3. – 6. mars nk. hafa tekið höndum saman og standa sameiginlega að ráðstefnu á opnunardegi sýningarinnar. Á ráðstefnunni verður fjallað ítarlega um stöðu fasteignamarkaðarins og hvers sé að vænta. Mikill hugur er í mönnum og stefnir í glæsilega sýningu enda Verk og vit kjörinn vettvangur til að kynna nýjungar, starfsemi fyrirtækja og fjölbreyttar vörur og þjónustu. Sýningin er tileinkuð byggingariðnaði, skipulagsmálum og mannvirkjagerð.

Markmið hennar er að kynna vörur, þjónustu og tækninýjungar á þessu sviði en ekki síður að koma á viðskiptum fagaðila og auka vitund almennings um byggingarmál, skipulagsmál og mannvirkjagerð. Um 18.000 gestir sóttu sýninguna Í Laugardalshöll þegar hún var síðast haldin árið 2008 þar sem um 100 fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög kynntu vörur sínar og þjónustu. Sem dæmi um sýnendur má nefna byggingarverktaka, verkfræðistofur, tækjaleigur, skóla, fjármálafyrirtæki, orkufyrirtæki, ráðgjafafyrirtæki og sveitarfélög.

Síðasta sýning Verk og vit fór fram árið 2008. BYKO var meðal þeirra fyrirtækja sem kynntu þjónustu sína og ýmsar nýjungar. BYKO er ein margra öflugra byggingavöruverslana hérlendis, en án þeirra væri íslenskur byggingaiðnaður afar lítils virði.

Markmið HönnunarMars er að skapa íslenskri hönnun brautargengi

HönnunarMars fer fram 10. – 13. mars nk. en HönnunarMars er stærsta sameiginlega verkefni íslenskra hönnuða ár hvert og um leið stærsta innlenda og alþjóðlega kynningarverkefni Hönnunarmiðstöðvar. Næsti HönnunarMars, sá 8. í röðinni en fyrir HönnunarMars 2013 var í fyrsta sinn haldin samkeppni um einkenni hátíðarinnar og verður sami háttur hafður á fyrir HönnunarMars 2016. Einkenni HönnunarMars getur verið grafík, teikning, ljósmynd eða í raun hvaða myndheimur sem er. Skilyrðið er að hann sér einkennandi, skýr, og henti til kynningar á stórri hátíð sem þessari.

Skemmtileg og metnaðarfull hönnun á HönnunarMars fyrir nokkrum árum.

Hátíðin spannar vítt svið, þar sýna helstu hönnuðir þjóðarinnar það sem í þeim býr og nýútskrifaðir hönnuðir stíga sín fyrstu skref. HönnunarMars er uppskeruhátíð, þar fara fram viðskiptastefnumót íslenskra og erlendra fyrirtækja við fyrirtæki hönnuða, hann hvetur til samstarfs og þar verða ný stefnumót. Í HönnunarMars felast tækifæri til þróunar, mennta og nýsköpunar. Síðast en ekki síst felast í honum gríðarleg tækifæri til kynningar á Íslandi. Á HönnunarMars er hönnun kynnt sem atvinnugrein sem byggir á traustum grunni og gegnir veigamiklu hlutverki í samtímanum. 400 hönnuðir og arkitektar eru með viðburði og ríflega 100 viðburðir eru á dagskrá hátíðarinnar ár hvert. Á HönnunarMars sameinast allar greinar hönnunar; fatahönnun, arkitektúr, húsgagna- og innanhússhönnun, grafísk hönnun og vöruhönnun. Einn af aðalviðburðum HönnunarMars ár hvert er fyrirlestradagurinn DesignTalks og markar hann upphaf hátíðarinnar. Á DesignMatch gefst íslenskum hönnuðum tækifæri á að hitta norræna kaupendur, framleiðendur og seljendur hönnunar í þeim tilgangi að kynna fyrir þeim verk sín. Markmiðið er að skapa íslenskri hönnun brautargengi á einum mikilvægasta markaði Íslands, Norðurlöndunum.

Fulltrúar fyrirtækja sem komið hafa á kaupstefnuna DesignMatch á HönnunarMars eru t.d. Iittala, One Nordic, Norrmann Copenhagen, STORM, Wrong for HAY, Monoqi, Muuto, Offecct, HEM og One Collection. Á HönnunarMars býðst tækifæri til að auðga andann og sækja innblástur. Hátíðin er orðin mikilvægt hreyfiafl í íslensku samfélagi og er viðskiptalegt vægi hátíðarinnar mjög mikið fyrir þátttakendur.

Horft til Súðavíkur yfir Álftafjörð af Kambsnesi milli Álftafjarðar og Seyðisfjarðar.

Hringtenging raforku á Vestfjörðum eru sameiginlegir hagsmunir allra íbúa svæðisins

„Það er fagnaðarefni þegar að góðar fréttir berast vestur frá Alþingi Íslendinga. Nú er það staðfest að 15 milljónum króna hefur verið varið á fjárlögum næsta árs til að kosta undirbúningsvinnu við hringtengingu raforku Vestfjarða. Það vel og þessu ber að fagna. Hringtenging raforku á Vestfjörðum er lykilatriði og ein af forsendum fyrir því að hér verði viðsnúningur í atvinnulífi og menningu," segir Pétur G. Markan, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps. Snúið verður frá þeirri þróun sem lýst í skýrslu Byggðastofnunar þar sem fjallað er um hagvöxt landshluta 2009 - 2013, en þar segir:

„Mest dróst framleiðsla saman á Suðurnesjum og á Vestfjörðum frá 2009 til 2013, eða um 11-12%. Einkum virðist vera ástæða til þess að hafa áhyggjur af þróun mála á Vestfjörðum. Samtals hækkuðu launagreiðslur þar 10% minna en laun á landinu öllu. Á sama tíma fækkaði fólki á Vestfjörðum um 5%. Vísbendingar eru um að höfuðatvinnugreinin, sjávarútvegur, standi höllum fæti í þessum landshluta. Framleiðsla hefur lengi dregist saman á Vestfjörðum, dráttur í sjávarútvegi virðist vera meginskýringin á falli framleiðslu á Vestfjörðum undanfarin ár, en þar hafa byggingar, fjármálaþjónusta og skyldar greinar einnig dregist mikið saman."

Pétur G. Markan, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps.

Þörf samhents vilja til breytinga

Lýsing skýrslunnar talar einfalt og skýrt mál. Þörf er átaks og samhents vilja til breytinga. Vestfirðingar eiga auðlindir, og nú þarf átak til að treysta og byggja upp innviðina svo hægt verði að nýta þær til fullnustu og skapa kröftugri aðstæður til athafna og menningar, fjölgunar og allrahanda hagvaxtar. Örugg og meiri afhending raforku mun ekki síðar styrkja iðnaðaruppbyggingu á Vestfjörðum en t.d. hefur vaxandi laxeldi á suðurfjörðum Vestfjarða kallað eftir meiri raforku.

„Hringtenging raforku á Vestfjörðum spilar þar langan og fallegan sólókafla í tónverki sem verður söngur Vestfjarða inn í komandi framtíð. Hringtenging Vestfjarða mun án efa veita stórum fjárfestingarverkefnum brautargengi, eins og komið hefur fram í atvinnuuppbyggingarumræðu síðustu missera. Uppbygging innviða svæðisins er forsenda nýrra tækifæra í atvinnumálum Vestfjarða. Uppbygging atvinnumála á Vestfjörðum snýst ekki um einstök sveitarfélög eða einstaka menn. Heldur einstakt svæði, Vestfirði. Hér viljum ala manninn, fjölga okkur og rækta framtíðina. Til þess þurfum bærilegar aðstæður, til jafns við aðra landsmenn.

Á samráðsfundi sveitarfélaga á Vestfjörðum verður væntanlega rætt af festu um raforkumál Vestfirðinga, þá hringtengingu Vestfjarða. Hér þurfum við að tala einni röddu, enda sameiginlegt hagsmunamál okkar allra, fyrir einstakt svæði," segir Pétur G. Markan.

Mjólkurvinnslan Arna í Bolungarvík:

Mjólkurvörurnar eru allar laktósafríar

Þeir sem haldnir eru mjólkuróþoli hafa nú síðustu þrjú ár séð fram á bjartari tíma því árið 2013 var hafin framleiðsla í Bolungarvík á vörum fyrir þennan hóp. Það er mjólkuvinnslan Arna sem þar er með starfsemi. Háldán Óskarsson, mjólkurtæknifræðingur og framkvæmdastjóri Örnu, segir að í raun megi segja að hvatinn á bakvið stofnun Örnu hafi grundvallast einfaldlega á viljanum til þess að þjónusta þennan markað, þ. e. fólk sem er að glíma við mjólkuróþol og vill geta neytt ferskra mjólkurafurða. Síðan koma náttúrulega til aðrir hlutir, t.d. það að mjólkurvinnslan á Ísafirði var lögð af og því hefur allri mjólk sem er framleidd á Vestfjörðum verið keyrt, óunninni, út af svæðinu.

„Við vildum leggja okkar af mörkum til þess að aftur yrði farið að vinna vestfirsku mjólkina hér á svæðinu, og er það stefnan hjá okkur að geta nýtt alla mjólk sem til fellur hjá bændunum hér, með tíð og tíma. Við erum bjartsýn á að það takist hjá okkur. Síðan hefur svona starfsemi náttúrulega í för með sér tilheyrandi atvinnusköpun og þess háttar, þannig að vonandi með tíð og tíma að fylla út í ytri mörk okkar vaxtarmöguleika, " segir Hálfdán.

Mjókurvinnsla Örnu er staðsett í Bolungarvík, á annarri hæð í gamla frystihúsi Einars Guðfinnssonar sem hýsti síðast rækjuverksmiðjuna Bakkavík. „Í upphafi var allt húsnæðið tekið í gegn þannig að það hentar nú vel undir þessa vinnslu sem við erum með í dag. Eins og gefur að skilja tók sú vinna sinn tíma.

Til að byrja með var vörunum frá okkur dreift hér fyrir vestan en síðan fóru vörurnar í dreifingu suður á bóginn og síðan um allt land. Stefnt var í upphafi að framleiðslu 16 tegunda vara framleiddra úr mjólk, og því markmiði hefur verið náð," segir Hálfdán Óskarsson.

Hálfdán Óskarsson mjólkurtæknifræðingur og framkvæmdastjóri í vinnslusal Örnu.

Nýja jógúrtið frá Örnu er þróað til að koma til móts óskir neytenda um hollari og sykurminni mjólkurvörur. Í jógúrtið er notuð blanda af sykri og Steviu, en það er 100% náttúrulegt sætuefni. Jógúrtið inniheldur einungis 2% af viðbættum sykri en hefur samt góða fyllingu og bragðast vel.

Allar vörurnar laktósafríar

„Vörurnar sem við framleiðum spanna allan skalann og þær eru allar laktósafríar. Til að byrja með buðum við upp á drykkjarmjólk, AB-mjólk, rjóma og matreiðslurjóma auk bragðbættra sýrðra vara á borð við jógúrt og skyr. Síðan var stefnt að því að bæta við vöruúrvalið með því að fjölga bragðtegundum í sýrðu vörunum auk þess að bjóða upp á sýrðan rjóma og osta af ýmsu tagi, sem margir hverjir hafa ekki verið framleiddir hér á Íslandi áður, " segir Hálfdán Óskarsson.

Vörur frá Örnu.

Mjólkurvinnslan Arna hefur ekki verið mikið pláss í hillum matvöruverslananna og því klárast fljótt úr þeim. MS er með 95% markaðshlutdeild á mjólkurvörumarkaðnum. Plássleysið er vandamál sem stöðugt þarf að glíma við. Hálfdán segir að salan hafi aukist jafnt og þétt allt frá því að laktotsfríu vörurnar komu á markað og stundum er eftirspurn einfaldlega ekki annað, m.a. vegna plássleysis í hillum verslana.

Aðalfundur Eyþings:

Vill úrbætur vegna takmarkana í flutningsgetu á raforku

Aðalfundur Eyþings, landshlutasamtaka sveitarfélaga á Norðausturlandi sem í eru 13 sveitarfélög með liðlega 29.000 íbúa, skorar á samgönguyfirvöld að veita mun meira fjármagni til uppbyggingar og viðhalds héraðs- og tengivega heldur en verið hefur að undanförnu. Afar takmörkuðu fjármagni hefur verið varið til uppbyggingar og viðhalds malarvega og nú er svo komið að ýmsir þeirra eru orðnir mjög illa farnir og beinlínis hættulegir. Nefna má veginn milli Þórshafnar og Bakkafjarðar, um Melrakkasléttu, í Bárðardal og í Hörgárdal. Lögð var áhersla á að lagt verði bundið slitlag á stofnveginn milli þéttbýliskjarnanna í Langanesbyggð sem fyrst. Góðar samgöngur um land allt eru jafnréttismál og ein af grunnforsendum dreifðrar byggðar sem og atvinnuuppbyggingu, s.s. ferðaþjónustu.

Eyfirðingar og Þingeyingar styðja stefnumörkun ríkisins í fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni. Betri dreifing opinberra starfa vítt og breitt um landið festir í sessi búsetu um land allt. Þá telja Eyfirðingar ekki eðlilegt að uppbygging opinberrar þjónustu sem fjármögnuð er með skattfé allra landsmanna eigi sér að mestu stað á höfuðborgarsvæðinu. Fundurinn skorar á ríkið að nýta tækifærið þegar nýjum stofnunum er komið á fót og staðsetja þær vítt og breitt um landið. Fundurinn taldi tímabært að endurskoða staðsetningu opinberra starfa út frá þeirri tækniþróun sem hefur átt sér stað. Staðsetning opinberra starfa á ekki að vera bitbein á milli landsbyggðanna og höfuðborgarsvæðis heldur þarf að tryggja fjölbreytt störf og góð búsetuskilyrði um land allt. Það séu sameiginlegir hagsmunir allra Íslendinga að byggð blómstri á öllu landinu.

Úrbóta þörf í raforkumálum til styrktar stóriðju og smærri iðnaði

Aðalfundarfulltrúar lýstu yfir áhyggjum af takmarkaðri flutningsgetu á innan svæðisins sem skekkir samkeppnistöðu og hamlar uppbyggingu fyrirtækja á starfssvæði Eyþings. Flutningsgeta megi ekki standa eðlilegri atvinnuþróun og atvinnuuppbyggingu fyrir þrifum. Þá var lögð þung áhersla á að þriggja fasa rafmagn verði í boði á öllu svæðinu og tekið verði tillit til óska sveitarfélaga um val á línugerð sem og kostnaðar vegna lagningar lína falli ekki á sveitarfélög. Aðalfundurinn fól stjórn Eyþings að láta vinna aðgerðaáætlun fyrir eflingu menntunar fyrir atvinnulífið á starfssvæðinu. Í aðgerðaáætluninni verði lögð áhersla á menntun í ferðamálafræðum, upplýsingatækni og öðrum greinum sem fela í sér sóknarfæri svæðisins.

Öxarfjörður í sókn:

Nýting jarðhita til matvælaframleiðslu og iðnaðaruppbyggingar

Til að efla byggð við Öxarfjörð á að byggja á sérstöðu svæðisins, nýta sóknarfæri sem felast m.a. í matvælavinnslu, ferðaþjónustu og jarðhita og að standa vörð um grunnþjónustuna. Í ljósi þessa á iðnaðaruppbygging á svæðinu ýmiss tækifæri en til þess þarf samstöðu, áræði og sóknarkraft sem var m.a. þess sem þátttakendum á íbúaþingi í Öxarfjarðarhéraði, sem haldið var í Lundi, helgina 16. -17. janúar, var ofarlega í huga þegar rætt var um styrkleika, tækifæri og framtíðarsýn svæðis.

Sóknarfæri í atvinnumálum felast í ferðaþjónustu og matvælavinnslu. Fram komu fjölmargar hugmyndir um eflingu þeirrar ferðaþjónustu sem fyrir er og ný tækifæri. Öxarfjarðarhérað er landbúnaðarsvæði og austurhluti þess er á eina svæði landsins þar sem ekki hefur komið upp riða. Þátttakendur þingsins vildu efla landbúnað og skoða leiðir til frekari vinnslu. Jarðhiti er dýrmæt auðlind svæðisins og vegna hans hefur byggst upp öflugt fiskeldi og grænmetisræktun. Varpað var fram hugmyndum um frekari nýtingu jarðhita, m.a. til atvinnusköpunar og heilsutengdrar ferðaþjónustu og nýting jarðhita gæti sem best nýst til smærri iðnaðaruppbyggingar.

Á Kópaskeri er miðstöð þjónustu við svæðið.

Þingið markaði upphaf að samráði við íbúa í þróunarverkefni á svæðinu við Öxarfjörð og það er eitt af verkefnum á vegum Byggðastofnunar, í svokölluðum „Brothættum byggðum." Samstarfsaðilar Byggðastofnunar eru Norðurþing, Eyþing, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og íbúar svæðisins og er verkefnisstjórn skipuð fulltrúum þessara aðila. Verkefnisstjóri er Silja Jóhannesdóttir, en hún gegnir jafnframt því hlutverki á Raufarhöfn. Á þinginu var valið nafn á verkefnið, „Öxarfjörður í sókn. "

scheppach

Verkfærin fyrir skólana og handverksfólkið fást hjá okkur

Brynja Stofnað 1919

Slípivél bts 800
100 mm belti
150 mm skífa

Slípivél osm 100,
Auðveldar þér verkin, pússar þar sem þú átt erfitt með að ná til.
Tenging fyrir ryksugu - heilnæmara loft.
6 mismunandi kefli fylgja með.

Rennibekkur dm 460t
Bil milli odda 457 mm hæð yfir stöngum 152 mm

Fræsari hf 50
Borð 610x360 mm
Stiglaus hraði
8000-24000 sn/mín
1500 W

Tifsög deco-flex,
Tekur bæði blöð með takka og án.
Barki fyrir bora
o.þ.h. fylgir.

Bandsög Basa 3
Sögunarhæð 205 mm
Sögunarbreidd 306 mm

Þykktarhefill/afréttari WoodStar pt 85,
Afréttari 737 x 210 mm
Þykktarhefill
120 x 204 mm

Brynja Stofnað 1919

Laugavegi 29 • sími 552 4320 • www.brynja.is • brynja@brynja.is
Opið virka daga frá 9-18 og laugardaga frá 10-16

Atvinnuleg uppbygging á Stöðvarfirði hefur ekki verið sem skildi og þar hefur íbúum fækkað og oft deyfðarlegt við höfnina. Margir sækja vinnu til Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar.

Sóknaráætlun Austurlands:

Áform um nýtingu jarðvarma til iðnaðaruppbyggingar

Eitt af mikilvægustu verkefnum sem ná þarf fram í Ssóknaráætlun landshluta á Austurlandi er að styrkja stoðir atvinnulífsins og fjölga atvinnutækifærum. Samhliða uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Reyðarfirði hefur skapast öflugt þjónustunet sem styrkt hefur starfsemi margra smærri fyrirtækja. Öflugur sjávarútvegur er rekinn í mörgum byggðakjörnum og atvinnutækifæri sem liggja í frekari úrvinnslu og betri nýtingu sjávarafurða er vert að skoða.

Austurland hentar vel til hefðbundinnar landbúnaðarframleiðslu og fiskeldi er atvinnugrein sem er að ryðja sér til rúms á Austurlandi enþað er mat sérfræðinga á sviði fiskeldis að nokkrir firðir í landshlutanum henti vel til eldis á laxi og ákveðnum tegundum af silungi. Nýting á jarðvarma á Austurlandi til grænmetisframleiðslu eru tækifæri í atvinnuuppbyggingu sem vert er að skoða. Á svæðinu er ónýttur jarðvarmi ásamt húsnæði sem hentar vel til slíkrar framleiðslu. Reglulegar millilandasiglingar frá Seyðisfirði og Reyðarfirði á markaði erlendis geta verið lykill að því að slík framleiðsla gangi upp. Nýsköpun og þróun í samvinnu við fyrirtæki í fjórðungnum er leið til atvinnusköpunar.

Drekasvæðið svokallaða þar sem nýlega hafa verið gefin út rannsóknarleyfi til olíuleitar skapa mikill tækifæri fyrir fjórðunginn í ýmsum iðnaðarstörfum tengdri starfseminni. Verkefni sveitarfélaganna í framtíðinni er að fjölga atvinnutækifærum. Mikilvægt er að fjölga störfum í öllum greinum atvinnulífsins og þá ekki síst þeim störfum sem kalla á menntað starfsfólk.

Fjölga þarf atvinnutækifærum fyrir konur

Á Austurlandi búa 10.400 manns, þar af um 5.400 karlar og 4.800 konur. Færa má rök fyrir því að verulega halli á störf fyrir konur og vinna þurfi skipulega í því á næstu árum að fjölga atvinnutækifærum fyrir konur á öllum aldri. Í nýsamþykktum lögum á Alþingi um „Rammaáætlun um nýtingu vatnsorku og jarðvarma," er ekki að finna virkjanakost á Austurlandi. Það má því segja að Austfirðingar séu háðir öðrum landssvæðum hvað varðar orku til uppbyggingar á orkufrekum iðnaði. Markmiðið í atvinnuuppbyggingu Austurlands getur einnig falist í því að ná fleiri störfum út úr þeim öflugu fyrirtækjum sem eru í fjórðungnum með frekari úrvinnslu og nýsköpun.

Fyrsta byggð á Íslandi:

Voru Papar í Kverkhelli við Seljalandsfoss fyrir árið 800?

Nýleg aldursgreining vestur-íslensks fornleifafræðings á helli undir Eyjafjöllum hefur reynst vera olía á eld deilna meðal fræðimanna um fyrstu byggð á Íslandi. Hún gæti jafnframt orðið fyrsta sönnunin fyrir veru Papa á Íslandi. Þeir Árni Hjartarson jarðfræðingur og Guðmundur J. Guðmundsson sagnfræðingur hófu fyrir þrjátíu árum að rannsaka manngerða hella á Suðurlandi. Margir hafa tengt þá dvöl írskra munka á Íslandi fyrir landnám norrænna manna. Krossar með keltnesk einkenni á hellisveggjum þykja benda til Papa en fram til þessa hefur ekki tekist að sanna að hellarnir hafi verið grafnir fyrir hið hefbundna landnámsártal 874, né hefur verið hægt að sýna fram á að þeir séu verk einsetumunka.

Aldursgreining á útgreftri Kverkarhellis við Seljalandsfoss gæti hins vegar breytt Íslandssögunni. Vestur-íslenskur fornleifafræðingur, Kristján Ahronson, birti síðastliðið vor niðurstöður aldursgreiningar á því hvenær jarðefnum var mokað út úr hellinum og telur hann að hellirinn hafi verið grafinn út af mönnum fyrir árið 800.

Munni Kverkhellis.

Aðrir fornleifafræðingar, þar á meðal Guðrún Sveinbjarnardóttir, hafa gagnrýnt niðurstöðu Kristjáns Ahronson. „Því var vísað á bug á alveg undarlega fljótfærinn hátt. Ég er alveg undrandi að fornleifafræðingar skuli gera þetta," sagði Páll Theodórsson eðlisfræðingur, sem varið hefur niðurstöðu Kristjáns Ahronson. „Hann er á réttri leið og ég er ekki í vafa um að þessi tímasetning hans er mjög nærri lagi," segir Páll.

IÐNAÐUR UNDIRSTAÐA VELFERÐAR

EFLING STÉTTARFÉLAG

VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna

ESKJA

VIGNIR G. JÓNSSON HF

Rafstilling ehf

Síldarvinnslan hf

oddi HF

VESTURBYGGÐ

Sveitarfélagið Garður

HP GÁMAR HÓPSNES

Skinney - Þinganes hf

SI Samtök iðnaðarins

Félag málmiðnaðarmanna Akureyri
Skipagötu 14 600 Akureyri · Sími 455 1050 · Fax 455 1059
fma@fma.is · www.fma.is

Grundarfjarðarbær

SKINN fiskur ehf

HS ORKA

Fallvarnarbúnaður

Starfsstöðvar Ísfells og Ísnets:
• Ísnet Þorlákshöfn - Óseyrarbraut 28
• Ísnet Vestmannaeyjar - Flötum 19
• Ísnet Húsavík - Barðahúsi
• Ísnet Akureyri - Oddeyrartangi
• Ísnet Sauðárkrókur - Lágeyri 1
• Kristbjörg Ólafsfjörður - Pálsbergsgötu 1
• Ísfell / Ísnet Hafnarfjörður -
Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is

ÍSFELL
www.isfell.is
ísnet

Gluggafilmur
Sand& sólarfilma
544 2030
MERKIS MENN
www.merkismenn.is

Staða iðnaðar í sjávarbyggðum er viðsjárverð:

Erfitt að fjármagna iðnrekstur í minni byggðarlögum vegna tregðu lánastofnanna

Framleiðsla á búnaði fyrir sjávarútveginn er sá hluti iðnaðar sem hefur vaxið hvað mest á síðustu árum. Fyrirtæki hafa nýtt sér stóran heimamarkað til að þróa framleiðsluvörur sínar og síðan sótt á erlenda markaði og náð þar mjög góðum árangri. Fjölmörg háþróuð fyrirtæki eru að gera það gott á erlendum mörkuðum og framleiðsla þeirra vekur verulega eftirtekt og aðdáun á sjávarútvegssýningum en önnur hasla sér völl, t.d. við stoðtækjasmíði, hugbúnaðargerð og fleira. Á þessu sviði eru enn margir ónýttir möguleikar. Handverk og listiðnaður og ýmis þjónusta tengd því er atvinnugrein sem fremur hefur styrkst í sjávarbyggðum á síðustu árum. Breytingar eru litlar, en fleiri hafa nú tekjur af ýmiskonar smáframleiðslu, svo sem minjagripagerð o. fl. , en var fyrir fáum árum. Staða iðnaðarins í minni sjávarbyggðum endurspeglar stöðu byggðarlaganna en með fáum undantekningum er þar eingöngu um þjónustuiðnað að ræða.

Einn helsti veikleiki við uppbyggingu iðnaðar víða á landsbyggðinni er lítill heimamarkaður og oft töluverður aukakostnaður við að koma framleiðslu á markað annars staðar. Uppgangur í byggingariðnaði er nær eingöngu takmarkaður við suðvesturhorn landsins, en hefur lítil áhrif á atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni. Stöðnun og fólksfækkun gerir það að verkum að nýbyggingar eru litlar sem engar og iðnaðarmönnum hefur víða fækkað. Viðgerðarþjónusta svo sem bifvélaviðgerðir og ýmis þjónusta sem fram fer á járnsmíða-, rafmagns- og rafeindaverkstæðum hefur dregist hlutfallslega saman í sjávarbyggðunum. Skipasmíðastöðvar sinna nær eingöngu viðgerðum og breytingum á skipum, en nýsmíði skipa hér á landi er nærri því aflögð og smíði stærri fiskskipa fer öll fram erlendis, á láglaunasvæðum.

Loðskinn hf. á Sauðárkróki sérhæfir sig í framleiðslu skrautskinna úr íslenskum lambagærum, en sérstaða þeirra er tvíþætt, óvenju löng hár og fjölbreytni í náttúrlegum litum. Saman fer einstakt einangrunargildi og sérstakt útlit þess villta og upprunalega.

Fækkun sauðfjár ógnar ullar- og skinnaiðnaði

Upp úr 1980 fór að síga á verri veg í ullariðnaði og litlar líkur eru á að þessi iðnaður nái aftur að vaxa og dafna. Breytist markaðsforsendur til hins betra er líklegra að framleiðsla úr íslenskri ull flytjist úr landi en að hér fjölgi störfum verulega í sauma- og prjónaiðnaði. Skinnaiðnaðurinn hefur gengið gegnum erfiðleika en meðal þess sem kann að ógna þessari iðngrein í framtíðinni er fækkun sauðfjár á Íslandi. Í fataiðnaði eru aðeins örfá fyrirtæki starfandi, innlend málningarframleiðsla á í harðri samkeppni við innflutning, og sama má segja um hreinlætisvörur, sælgæti, kaffi og margt fleira. Aðgerðir til að bæta stöðu íslensks iðnaðar hafa væntanlega ekki mikil áhrif á minnstu stöðunum.

Erfitt er að fjármagna rekstur í minni byggðarlögum vegna þess hvernig lánastofnanir meta veðhæfi og sveiflur í sjávarútvegi ógna rekstrargrundvelli iðnaðar tengdum honum. Vegna lágra launa við iðnaðarstörf getur verið erfitt að byggja upp iðnfyrirtæki í sjávarbyggðunum þegar vel gengur í sjávarútvegi, og þegar illa gengur minnka verkefni fyrir þessi fyrirtæki.

Iðnfyrirtæki utan sjávarútvegs geta nýtt sér þróað markaðskerfi sjávarútvegs

Sambýli fiskiðnaðar og annars matvælaiðnaðar skapar ákveðin tækifæri. Fiskiðnaðurinn hefur byggt upp þróað kerfi í sölu og markaðsmálum, sem önnur matvælafyrirtæki gætu nýtt sér. Í þingsályktun um stefnu í byggðamálum 1999-2001 er kveðið á um að nýjum stóriðjuverkefnum verði fundinn staður utan athafnasvæða höfuðborgarinnar og þannig stuðlað að varanlegri fólksfjölgun og fjölbreyttara framboði atvinnutækifæra þar. Lögð verði áhersla á að staðsetja ný stóriðjuverkefni sem víðast á landinu og þeim valinn staður með tilliti til orkuþarfa, þannig að bæði sé um að ræða orkufreka stóriðju í nálægð við meginorkuöflunarsvæði hennar og önnur iðjuver, sem ekki eru eins orkufrek, utan þeirra svæða. Segja má að eitthvað hafi þokast í þá átt, nú síðast er hafin bygging kísilvers á Bakka við Húsavík og Húnvetningar vilja reisa álverksmiðju í landi Hafursstaða á Skaga. Iðnaðaruppbygging á landsbyggðinni er því ekki alveg orðin tóm, en betur má ef duga skal til framtíðar.

Er gerð Vaðlaheiðarganga misheppnaðasta framkvæmd þessarar aldar hérlendis?

Í lok nóvembermánaðar var lokið við 63,6% af gangagreftri Vaðlaheiðarganga. Í síðustu viku nóvembermánaðar náðist mesti árangur síðan í maímánuði 2014. Sannarlega kominn tími til að verkinu þokaði eitthvað áfram. Frá Eyjafirði var þá alls lokið 3.109 metrum en 1.474,5 metrum frá Fnjóskadal. Hafið er verk við rannsóknarborholur í botni ganganna í Fnjóskadal. En sannarlega má betur ef duga skal, enda verkið þegar orðið mjög langt á eftir áætlun, aðallega vegna mikils vatnsflaums í göngunum í báðar áttir og til að bæta gráu ofan á svart eru bæjarlækir í Fnjóskadal sem hafa verið virkjaðir að þorna upp. Fullyrt er að ónógar rannsóknir áður en hafist var handa vegna mikil þrýstings heimamanna fyrir norðan koma nú mönnum kannski í koll. Árið 2003 var stofnað á Svalbarðseyri undirbúningsfélag um gerð jarðganga undir Vaðlaheiði. Félagið hlaut nafnið Greið leið ehf. Nú virðist sem leiðin sé alls ekki eins greið eins og vonir stóðu til. Frekari rannsóknir gætu hafa leitt til breyttrar legu Vaðalheiðarganga til að losna við vatnsflauminn. En slíkt verður eflaust aldrei sannað. En á herðar hvers lendir aukinn kostnaður upp á hundruðir milljóna króna, jafnvel milljarða króna?

Vaðaheiðargöng í greftri í vatnsflaumi.

STENHØJ
AUTOLIFT A/S

BÍLALYFTUR

Höfum á boðstólum mikið úrval af lyftum
og fylgihlutum fyrir allar gerðir bíla

3 til 7 tonna skæralyftur einfaldar eða tvöfaldar, einnig fáanlegar galvaníseraðar.

Tveggja pósta lyftur með 3 til 5 tonna lyftigetu.

Niðurgrafnar lyftur. Margir möguleikar á lyftiörmum og útfærslum á lyftum.

4, 6 og 8 pósta lyftur með 4 til 40 tonna lyftigetu. Fjöldi auka og hjálpartækja svo sem millitjakkar, hristarar og hjólaskoðunarplattar.

1940 2015

VÉLASALAN

Til sjávar og sveita í 75 ár

Dugguvogi 4 · 104 Reykjavík
Sími, 520 0000 · www.velasalan.is

Fjölbreytt úrval af lyfti örmum, t.d. extra lágir armar fyrir sportbíla og upphækkaðir armar fyrir grindarbíla.

Áratuga reynsla starfsmanna Vélasölunnar og fjölbreytt vöruúrval, gerir Vélasöluna að einu öflugasta þjónustufyrirtæki við iðnað og sjávarútveg á Íslandi.

MD VÉLAR ... í þjónustu við útgerðina

Aðal- og hjálparvélar í miklu úrvali ásamt öllu tilheyrandi
Sérhæfð ráðgjöf, viðhalds- og varahlutaþjónusta
Áratuga reynsla og þekking

TIL DÆMIS:
MAS 1350-S Skipsrafstöð
Vél: S12R-MPTAW.
1351 kW við 1500 sn/min 50Hz
Mengunarvottun : IM02

TIL DÆMIS:
SOLE SM-105 Skrúfuvél
95 Hö við 2500 sn/mín.
Rúmtak: 4,996 ltr.



TIL DÆMIS:
Gerð: S8U-MPTK
1343 kW við 1060 sn/mín.
Borvídd x slaglengd: 240 x 260
Rúmtak: 94,10 ltr.
Mengunarvottun : IM02

Eigum úrval af viðurkenndum þenslutengjum fyrir röralagnir á lager

MITSUBISHI DIESEL ENGINES

Solé Diesel

MD VÉLAR | Vagnhöfða 12 | 110 Reykjavík | Sími 567 2800 | Fax 567 2806 | hjalti@mdvelar.is | www.mdvelar.is

Hamar ehf.

Viðhalds- og viðgerðarþjónusta í hæsta gæðaflokki

Hamar ehf. er í dag eitt áreiðanlegasta og framsæknasta þekkingarfyrirtæki á sviði málm- og véltækni hérlendis. Á liðnum árum hefur mannauður og fjölbreytileiki í verkefnum aukist til muna og í dag rekur fyrirtækið fimm fastar starfstöðvar og þjónustuverkstæði hringinn í kringum landið. Hamar ehf. leggur áherslu á að þjónusta viðskiptavini á sviði málm- og véltækni, allt frá vöruhönnun til framleiðslu, jafnt nýsmíði sem og viðhaldsverkefni. Þegar kemur að reglubundnu viðhaldi og þjónustu í málmiðnaði er Hamar ehf. afar sterkur kostur fyrir þau fyrirtæki sem krefjast þess að fá örugga og skjóta þjónustu og þá óháð staðsetningu. Hamar ehf. hefur öfluga sérfræðinga og starfsfólk með víðtæka og góða reynslu á öllum sérsviðum fyrirtækisins. Helstu verkefnin eru:

- Vél og málmsmíði fyrir sjávarútveg
- Vél og málmsmíði fyrir matvælaiðnað
- Vél og málsmiði fyrir stóriðju og annan iðnað

Verkstæðið á Grundartanga gegnir mikilvægu hlutverki, bæði á Grundartanga og á Vesturlandi. Aðrir landshlutar geta einnig notið góðs af þjónustunni.

Handtök í málmiðnaðarfyrirtæki eru bæði bæði smá og stór, en öll mikilvæg.

- Alhliða þjónusta fyrir tjakkasmíði og tjakka viðgerðir
- Sérhæft renniverkstæði fyrir alhliða rennismíði hvort sem unnið er með málm eða önnur efni.

Virk teymisvinna er höfð að leiðarljósi og áhersla er lögð á hæfni og þekkingu starfsfólksins. Eitt nýjasta verkstæðið er á Grundartanga sem sett var upp vorið 2010. Árið 2012 var reist glæsilegt verkstæði að Klafastaðavegi 12 sem er um 1.300 m2, þar af er þjónustubygging um 400 m2. Meðal þess sem má finna í glæsilegri aðstöðu starfsfólks er nuddpottur og gufubað. Hamar leggjum metnað í að hafa allan aðbúnað til fyrirmyndar.

Meðal helstu verkefna á Grundartanga má nefna heildarlausnir fyrir iðnað, almenna járnsmíði úr svörtu járni, ryðfríu stáli, áli og steypujárni, vélaviðgerðir, vökvakerfi og vökvatjakka, rennismíði og ýmislegt fleira.

Það fellur ýmislegt nytsamlegt til, þó það virðist kannski ekki við fyrstu sýn.

Nemar á fyrsta ári glíma við verkefni.

Málm- og véltæknideild Borgarholtsskóla:

Stúlkur sækja einnig í námið en tiltiljun ræður fjöldanum

Nemar í bifvélavirkjun við Borgarholtsskóla eru nokkrir, enda aðstaða til slíks náms í skólanum frábær. Lögð er áhersla á grundvallaratriði aflrása, fjallað er um nöfn, gerð og hlutverk íhluta og kerfa og hvernig þau starfa sjálfstætt og/eða sem heild í ökutækinu. Farið er yfir mismunandi kröfur til aflrása eftir notkunarsviði ökutækisins. Reiknuð eru drifhlutföll. Nemar eru einnig í rennismíði í Borgarholtsskóla sem og í stál- og blikksmíði. Í nemendahópnum eru nokkrar stúlkur að sögn Aðalsteins Ómarssonar, kennslustjóri í málm- og véltæknideild skólans, en enn eru strákar í miklum meirihluta. Hann segir tilviljun ráða því hversu margar stúlkur raðast í námið í einu. Það, og fagið sjálft, sé hins vegar ekkert frekar fyrir karla en konur, það henti öllum. Aðalsteinn segist fagna því að ungt fólk sæki í þetta nám í Borgarholtsskóla, jafnt strákar sem stelpur. Nóga vinnu sé að hafa í þessum geira og skortur á fólki á sumum sviðum, svo sem í blikksmíði.

Alexandra Jóhannesdóttir.

Lengi haft áhuga á bílum

„Ég hef lengi haft áhuga á bílum og því var ég ákveðin í að fara í bifvélavirkjun hér í Borgarholtsskóla. Ég gat auðvitað farið í þetta nám á Selfoss, en í Fjölbrautaskólann á Selfossi fóru allir krakkarnir sem ég var með í grunnskóla, en ég vildi fara eitthvað annað. Svo eru bræður mínir í þessu fagi líka svo þetta var tiltölulega auðvelt val," segir Alexandra Jóhannesdóttir sem er frá Þorlákshöfn og kemur á hverjum degi í skólann að heiman með föður sínum sem vinnur á höfuðborgarsvæðinu.

Guðnastaðir.

Rangárþing eystra:

Vindorkuver fyrirhugað í landi Guðnastaða og Butru

Eigendur jarðanna Guðnastaða og Butru í Austur-Landeyjum hafa í samvinnu við Arctic Hydro sótt um leyfi til Rangárþings eystra, en eigendur þessara jarða hyggjast reisa vindorkuver, þ. e. reisa um 60 metra háar vindmyllur. Óskað er eftir því að hluti jarðarinnar verði skilgreindur sem iðnaðarsvæði vegna orkuvinnslu með vindmyllum. Á fundi skipulagsnefndar Rangárþings eystra segir að Samorka og Samband íslenskra sveitarfélaga vinni að að framtíðarstefnu á landsvísu hvað varðaði nýtingu vindorku í landinu, og eftir því áliti verður beðið.

Svæðið sem horft er til er nálægt spennistöðinni í Rimakoti, neðst og austast í Austur-Landeyjum, en þaðan liggur rafstrengur til Vestmannaeyja.

Allt fyrir ferskleikann

60 x 40 kassalínan frá Tempru er hagkvæmari, sterkari og veitir lengra geymsluþol

Nýja 10, 13 og 15 kg línan er þannig hönnuð að hún viðheldur ferskleika matvöru lengur en sambærilegar umbúðir.

Kostir nýju kassanna eru eftirtaldir:

- aukin lengd og rúmtak leiða til betri meðferðar á afurðum
- stærð kassanna er 60 x 40 sm og staflast þeir betur á vörubrettin
- vegna aukins styrks er hægt að stafla í hærri stæður en áður
- lengri fiskflök raðast betur innan kassa
- meira rými er fyrir ís eða kælimottur
- rúnnuð hornin auka einangrun og lengja geymsluþol
- breytt hönnun á hornum gerir kassana sterkari en áður
- betri einangrun næst með þéttari stöflun á bretti

Temprukassarnir eru undirstaða þess að íslenskur fiskur kemst ferskari til neytenda um allan heim.



Hitastig (°C) 5 mm fyrir ofan botn nýja 60x40 cm 10 kg kassans eftir 6 klst. við 20 °C umhverfishita.



TEMPRA
einangrun – umbúðir

TEMPRA EHF • Íshella 8 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 520 5400 • tempra@promens.com • www.tempra.is

et EHF. VERSLUN

Frábært úrval díóðu (LED) vörubíla og kerruljósa á góðu verði

AB VARAHLUTIR – UMBOÐ EGILSSTÖÐUM

Klettagörðum 11 • 104 Reykjavík
S: 5682130 • Fax: 5680844 • www.et.is

CASTGROUP
MINILOADERS

Pixy liðléttingar

Enginn liðléttingur kemst í hálfkvist
við Pixy þegar borin eru saman verð og gæði
Öflugar 27 og 38 hö Isuzu díselvélar.

Hydróstatískt drif og stórar vökvadælur.
Til afgreiðslu af lager ásamt fylgihlutum.

Mjög stöðugt tæki vegna einstaklega
lágrar þyngdarmiðju.

Kynningarverð
Pixy 25 T kr. 2.700.000 + v.s.k
Pixy 35 T kr. 3.120.000 + v.s.k.
Innif. Skófla, gafflar & universal plata

MERLO

Skotbómulyftarar

Áratuga reynsla á Íslandi

Bóman liggur lægra en á sambærilegum tækjum sem gefur betra útsýni yfir gaffla

Merlo er annar af tveimur stærstu framleiðendum á skotbómulyfturum

Íslyft ehf

STEINBOCK ÞJÓNUSTAN
Vesturvör 32 - 200 Kópavogur
Sími 564-1600 islyft@islyft.is
www.islyft.is